

Nd. 39. Frumvarp til laga [39. mál]

um breyting á lögum nr. 36 14. maí 1955, um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Flm.: Garðar Halldórsson, Gísli Guðmundsson, Jónas G. Rafnar.

1. gr.

2. gr. laganna breyttist þannig:

1. Fyrir orðin „til Akureyrar“ í C. 1 komi: um Akureyri.

2. C. 47 orðist svo:

Hörgárdalsvegur ytri: Af Dalvíkurvegi hjá Möðruvöllum um brú á Hörgá á Helguhyl á Hörgárdalsveg innri, með álmu um Sörlatungu á Hörgárdalsveg innri utan við Þúfnavelli.

3. C. 49 orðist svo:

Hauganesvegur: Af Dalvíkurvegi hjá Stærra-Árskógi að Hauganesi, með álmu að Árskógssandi.

4. C. 51 orðist svo:
Svarfaðardalsvegur: Af Dalvíkurvegi hjá Árgerði að Skallá.
5. Á eftir C. 52 komi nýr liður:
Skiðadalsvegur: Af Hrisavegi vestan Skiðadalsárbrúar að Skiðadalsárbrú norðan við Kónsstaði.
6. Á eftir C. 53 komi nýr liður:
Ósvegur: Af Hjalteyrarvegi á móti barnaskóla sveitarinnar, um Búland og Ós á Dalvíkurveg norðan við Hof.
7. C. 54 orðist svo:
Dagverðareyrarvegur: Af Norðurlandsvegi fyrir innan Moldhauga að Dagverðareyri og ofan við tún á Gæsum og Skipalóni um Hlaðir á Dalvíkurveg sunnan Hörgárbrúar.
8. Á eftir C. 55 komi nýr liður:
Efribyggðavegur: Af Eyjafjarðarbraut við Hólshús, um Finnastaði, Möðrufell og Miklagarð á Djúpadalsveg við Litla-Garð.
9. C. 57 orðist svo:
Vatnsendavegur: Af Eyjafjarðarbraut hjá Saurbæ austur yfir brú á Eyjafjarðará þar, um Hóla að Vatnsenda og vestur yfir Eyjafjarðará þar á Eyjafjarðarbraut.
10. Á eftir C. 57 komi nýr liður:
Sölvadalsvegur: Af Vatnsendavegi hjá Gnúpufelli, fram Sölvadal að Þormóðsstöðum.
11. Á eftir C. 60 komi nýr liður:
Vaglaskógarvegur: Af Norðurlandsvegi við Fnjóskárbrú að austan um Vaglaskóg að Lundi.
12. Á eftir C. 64 komi nýr liður:
Fremstafellsvegur: Af Kinnarvegi hjá Landamóti um Fellsenda, Fremstafell og Hriflu á Norðurlandsveg hjá Kvíslarbrú.
13. Á eftir C. 65 komi tveir nýir liðir:
 - a. *Hvammavegur*: Af Reykjahverfisvegi hjá Laxárvirkjun um Hvamma að Yztahvammi og þaðan að Haga.
 - b. *Sandsbæjavegur*: Af Þingeyjarsýslubraut nálægt Knútsstöðum um Hraunkot að Sandi.
14. C. 67 orðist svo:
Bárðardalsvegur vestri: Af Norðurlandsvegi við Kvíslarbrú, vestan Skjálfa- andafljóts að Halldórsstöðum, með álmu frá Stóruvöllum yfir Skjálfa- andafljótsbrúna þar á Bárðardalsveg eystri sunnan Sandvíkur.
15. Á eftir C. 69 komi tveir nýir liðir:
 - a. *Uppsveitarvegur*: Af Þingeyjarsýslubraut norðan við Meiðavelli í Keldu- hverfi um Tóvegg og Hlíðargerði að Undirvegg.
 - b. *Vestur-Sandsvegur*: Af Þingeyjarsýslubraut hjá Lindarbrekku um Vestur- Sand að Bakkahlaupi.
16. C. 74 orðist svo:
Austur-Sandsvegur: Af Kópaskersvegi nálægt Skinnastað um Sandárbrú og Austur-Sand að Bakka.
17. Á eftir C. 76 komi nýr liður:
Frambæjavegur: Af Axarfjarðarheiðar- og Þistilfjarðarvegi hjá Svalbarðs- árbrú um Svalbarðssel og Fjallalækjarsel að Kúða.
18. Á eftir C. 77 komi nýr liður:
Tunguselsvegur: Af Þistilfjarðarvegi við Hafralónsá um Hallgilsstaði að Tunguseli.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vegir þeir, sem hér er lagt til að teknir verði í tölu þjóðvega, eru flestir sýsluvegir.

Ekki þarf að rökstyðja þörfina á bættum samgöngum. Sveitir eða sveitahlutar verða varla lengi í byggð hér eftir án vegasambands.

En hvort tveggja er, að óhjákvæmilegt er að taka enn upp allmarga sýsluvegi, þótt sýsluvegasjóðirnir hafi þegar meiri vegi að annast en þeir rísa undir, og fjárráð þeirra eru svo takmörkuð, að óhjákvæmilegt er að létta nokkuð á þeim með því að bæta inn á þjóðvegakerfið einhverju af núverandi sýsluvegum og vegum, sem annars yrði að gera að sýsluvegum. Fáist slíkt ekki fram né heldur aukin fjárráð sýsluvegasjóðanna, er víða vá fyrir dyrum í dreifbýlinu.

Vegir þeir, sem hér um ræðir, eru í ýmiss konar ástandi, allt frá algerri vegleysu til þess að vera að mestu eða nálega öllu fullgerðir.